

Nd.

453. Nefndarálit

[198. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. leggur til að ríkisstjórninni verði falið að vinna þetta frumvarp betur. Fari svo að meiri hl. neðri deildar haldi fast við að afgreiða málið, án frekari umfjöllunar, áskilur minni hl. sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við einstakar greinar frumvarpsins.

Neðri deild hefur haft allt of skamman tíma til þess að fjalla um þetta frumvarp, svo og nátegt frumvarp um vörugjald, og inni í þeim tíma eru hátíðisdagar jólanna. Fráleitt er að ætla svo nauman tíma, annasaman og sundurslitinn, til þess að fjalla um svo stór mál af vandvirkni.

Það sýnir best hve mál þessi eru illa undirbúin að ný álitamál koma upp á hverjum einasta fundi í nefndinni enda þótt meiri hl. efri deildar hafi þegar breytt frumvörpunum í fjölmörgum atriðum.

Þá er ljóst að ríkisstjórnin hefur gert sig seka um stórfellda mismunun gagnvart aðilum utan þings við undirbúning þessara mála. Félag íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, Verslunarráð Íslands og Félag íslenskra iðnrekenda virðast hafa haft málin til meðferðar í þrjár vikur áður en Alþingi fékk að sjá þau. Aðrir augljósir hagsmunaaðilar eins og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Samband íslenskra samvinnufélaga fengu ekki tækifæri til þess að fylgjast með gangi mála fyrr en stjórnarandstaðan krafðist þess að fulltrúar þeirra kæmu á fund fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar. Neytendasamtökin komu hvergi nærri þessum málum fyrr en stjórnarandstaðan lét boða fulltrúa þeirra á fund í nefnd neðri deildarinnar. Heilsufars- og manneldissjónarmið hafa algjörlega verið fyrir borð borin við undirbúning málanna þrátt fyrir gefin fyrirheit í stjórnarsáttmála um forvarnarstarf. Fulltrúi Manneldisfélags Íslands var ekki kallaður til samráðs fyrr en að kröfu stjórnarandstöðunnar á Alþingi.

Meðal þess sem átti að lækka í verði við tolla- og vörugjaldsbreytingar voru ilmvötn og snyrtivörur af ýmsu tagi. Við umfjöllun í nefndinni kom hins vegar fram sú skoðun að erlendir ilmvatns- og snyrtivöruframleiðendur mundu sjá leið til þess að hagnast meira á þessum breytingum en íslenskir neytendur. Varð því að ráði að leggja vörugjald á þessar vörur og nýta þær tekjur, sem væntanlega munu nema um 130–140 millj. kr., til þess að greiða niður hluta af neyslufiski til almennings. Þetta dæmi sýnir glögg að þær leynast víða matarholurnar. Minni hl. lýsir sig reiðubúinn til þess að vinna með meiri hl. að því að finna þessar matarholur í frumvörpunum um tollamál og vörugjald og afla þannig tekna sem komið geta í staðinn fyrir þær tekjur sem ríkisstjórnin vill afla með söluskatti á matvæli. Matarskattinn mun stjórnarandstaðan hins vegar aldrei samþykkja.

Við þá takmörkuðu yfirferð, sem tollafrumvarpið fékk í nefndinni, komu þegar í ljós fjöldamörg atriði sem snerta samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar og möguleika okkar til að standa við bakið á innlendri framleiðslu með markvissri stefnu í tolla-, vörugjalda- og skattamálum. Breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar snerta fáein þau atriði sem til álita koma í þessu sambandi, en lítil vafi er á því að þau álitamál, sem þurft hefði að skoða, eru fjöldamörg.

Þar sem ekki fékkst frekari umfjöllun um þetta mál í nefndinni leggur minni hl. til að því verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar og henni falið að vinna það betur í samhengi við breytingar á vörugjöldum og söluskatti.

Ingi Björn Albertsson hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að þessu áliti minni hl.

Alþingi, 30. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon,
frsm.

Kristín Halldórsdóttir.